

Mál nr. 65/2001

**(M) og
Vátryggingafélagið (V) v. skilmála slysatryggingar
og (B)**

Vinnuslys þegar M steig á kubb og skrikaði fótur þ. 20.11.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.3.2001 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 208/00
3. Bréf Sjóvá-Almennar tryggingar hf. dags. 4.4.2001. ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu sína að ganga frá þegar hann hafi stigið á kubb sem snérist þegar hann kom niður úr stiga og þá skrikaði honum fótur og fékk hnykk á bakið. M segist hafa farið að finna til óþæginda vegna þessa seiðing í baki og niður í nára og farið í myndatöku og þá hafi komið í ljós að um brjós-klos hafi verið að ræða. Í tjónstilkynningu segir M að afleiðing slyssins sé brjós-klos í baki og skv. niðurstöðu örorkumats dags. 18.12.2000. er um brjós-klos í mjóbbaki að ræða.

Lögmaður M bendir á að jafnvel þó að V undanþiggi sig ábyrgð þá sé hér um slys að ræða og hafi M aldrei kennt sér nokkurs meins í baki áður en slysið varð og ekki sé hægt að rekja slysið til sjúklegs ástands, slysið hafi orðið við vinnu og orsakasamband milli vinnunnar og slyssins

V hafnar bótaskyldu og bendir á að í 8.gr. tryggingarskilmála segi að jafnvel þó að slys verði talið sönnuð orsök greiði félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-klos, o.f.frv. Bótaskylda V sé því ekki fyrir hendi þar sem afleiðingar af slysi M sé brjós-klos.

Álit.

Fram kemur í tjónstilkynningu, örorkumati og vottorði Tryggingastofnunar ríkisins að afleiðingar af slysi M sé brjós-klos. Í 8.gr. tryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um er brjós-klos óvirktt undanþegið bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V vegna umrædds slyss. Úrskurðarnefndin fjallar um skv. samþykktum um nefndina, bótaskyldu, sök og sakarskiptingu en hefur ekki heimild til að fjalla um bótagreiðslur nema sérstök heimild beggja aðila komi til. Sú heimild liggur ekki fyrir í þessu máli og getur Úrskurðarnefndin því ekki tekið afstöðu til kröfu M um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna öflunar örorkumats í málinu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu hans hjá V.

Reykjavík 20.4.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.